

Hafnarfjörður, 31. janúar 2021

Kæri nemandi og foreldrar/forráðamenn

Vikan framundan – **helstu upplýsingar úr skólastarfinu**

Við höldum áfram og kennum **alla tíma samkvæmt stundatöflu hér í húsi. Mötuneytið opnar frá og með morgundegnum, 1. febrúar** og þá mun, kæru nemandur, reyna á sóttvarnir. Bið ég ykkur því um að sýna sérstaka varkárni og virðingu gagnvart reglum um grímuskyldu og sprittun í matsalnum og að halda góðu bili á milli ykkar og næsta manns. Athugið að einungis **30 nemendur** geta verið í sætum hverju sinni og að hámarki **30 í röðinni** að mötuneytinu. Hægt verður að kaupa salatbox, smurt rúnstykki, kleinu, hafraklatta og drykkjarföng, sjá nánari upplýsingar á heimasíðu skólans, en áfram verða stofur opnar í frímínútum og hádegishléum fyrir þá nemendur sem koma með nesti.

Við minnum á að **tilkynna ber veikindi í INNU**. Best er ef foreldrar sjái um að skrá veikindin, líka fyrir þá sem eru eldri en 18 ára. Annars þarf að staðfesta veikindin með vottorði annað hvort frá lækni eða foreldrum. Athugið einnig að **skammtímaleyfi** fæst eingöngu vegna **ítrekaðra** heimsókna til læknis, tannlæknis- eða sjúkraþjálfara, sjá frekari upplýsingar um skólasóknarreglur á heimasíðu.

**Námsverin okkar fara af stað í vikunni**, bæði í stærðfræði og íslensku. Þetta eru aukatímar í þessum greinum nemendum að kostnaðarlausu en einnig er hægt að nýta námsverið í íslensku til að fá aðstoð með textaskrif og prófarkalestur fyrir verkefnaskil. Námsverin verða á **þriðjudögum frá klukkan 15:50 – 16:50 í stofum M308 og M309**.

Að lokum, við minnum á öfluga **nemendapjónustu skólans** en hægt er að panta viðtalstíma hjá Sunnu og Laufeyju námsráðgjöfum á heimasíðu skólans. Einnig er Rannveig Klara til taks fyrir nemendur sem þurfa aðstoð vegna námsörðugleika.

Ég vona að þið hafið haft það gott um helgina. Sjáumst í næstu viku!

Með bestu kveðju,

Erla

---

Erla S. Ragnarsdóttir

Skólameistari Flensborgarskóla